

Heimavellir hf. Fréttatilkynning 6. nóvember 2019.

Heimavellir hf.: Traustur rekstur fyrstu níu mánuði 2019.

Árshlutareikningur Heimavalla hf. fyrstu níu mánaða 2019 var samþykktur af stjórn þann 6. nóvember 2019.

Helstu atriði:

- Leigutekjur námu 2.567 m.kr. á fyrstu níu mánuðum 2019 (2018 9M: 2.761 m.kr.) sem er 7% lækkun milli ára og skýrist af því að íbúðum í eignasafninu fækkar um 11% milli ára.
- Íbúðir í rekstri þann 30. júní 2019 voru 1.596 talsins og til viðbótar eru 124 íbúðir í sölumeðferð. Alls átti félagið 1.720 íbúðir.
- Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og söluhagnað (EBIT) nam 1.544 m.kr. eða 60,1% af veltu (2018 9M: 1.654 m.kr. og 59,9% af veltu).
- Ef litið er fram hjá einskíptis liðum og áhrifum af innleiðingu IFRS16 reikningsskilastaðals er rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og söluhagnað 60,8% af veltu á fyrstu níu mánuðum 2019.
- Félagið seldi eignir fyrir 8.002 m.kr. á tímabilinu og var söluhagnaður vegna þeirra 275 m.kr. eða 4,3% yfir bókfærðu virði eigna.
- Matsbreyting eignasafnsins nam 746 m.kr. á tímabilinu (2018 9M: 142 m.kr.). Helstu áhrifaþættir á matsbreytingu eru lækkandi grunnvextir í verðmatslíkani til hækkunar en hækkandi fasteignagjöld samhliða hærra fasteignamati til lækkunar.
- Hrein fjármagnsgjöld eru 1.891 m.kr. á tímabilinu og lækka um 179 m.kr milli ára.
- Hagnaður tímabilsins nam 566 m.kr. (2018 9M: -36 m.kr.).
- Virði fjárfestingareigna félagsins án leigueigna og íbúða í sölumeðferð þann 30. september 2019 var 45.868 m.kr.
- Eigið fé þann 30. september 2019 var 19.362 m.kr. og var eiginfjárhlutfall 35,3%. Innra virði hlutafjár 30. september eru 1,72 kr. per hlut.
- Vaxtaberandi skuldir voru 31.382 m.kr. þann 30. september 2019 (2018 34.701 m.kr.).
- Vegnir meðalvextir félagsins eru 4,12% á verðtryggðum skuldum, sem nema 75% af langtímaskuldum félagsins.
- Tekjur ársins 2019 eru áætlaðar 3.360 m.kr. sem er hækkun um 60 m.kr. frá síðasta uppgjöri. Áætlaðar tekjur ársins 2020 eru óbreyttar frá síðasta uppgjöri og nema 3.000 m.kr.
- EBITDA framlegð ársins 2019 án einskíptisliða lækkar og er nú áætluð 62%-63% (var 63,5%-64,8%) og 2020 64%-65% (var 66,6%-67,8%).
- Félagið gerir ráð fyrir að fjöldi íbúða í árslok 2019 verði 1.700 talsins og í árslok 2020 verði þær 1.400 talsins.
- Félagið hóf endurkaup á eigin bréfum þann 2. október 2019 og hefur keypt 14.124.156 hluti af þeim 337.541.932 hlutum sem stendur til að kaupa fram að næsta aðalfundi félagsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Arnar Gauti Reynisson

framkvæmdastjóri

gauti@heimavellir.is

Sími 860 5300